

Skólaráð Hörðuvallaskóla

1. fundur skólaársins 2018-2019, haldinn 30. ágúst 2018

Skólastjóri: Ágúst Jakobsson

Fulltrúar foreldra: Linda Hilmarsdóttir, Arnar Björnsson

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Alma Ernstdóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir

Fulltrúi starfsfólks: Sigríður Einarsdóttir.

Fulltrúi nemenda: Ekki viðstaddir

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Skipan skólaráðs

Í lok síðasta skólaárs komu fram athugasemdir við skipan skólaráðs þ.e. að fundina sætu þrír stjórnendur. Tekið er tillit til þeirrar athugasemdar héðan í frá þannig að aðeins skólastjóri situr fundi ráðsins en annar hvor aðstoðarskólastjóri skólans ef kemur til forfalla skólastjóra.

Nýkjörinn fulltrúi kennara til tveggja ára er Alma Ernstdóttir, Unnur Óttarsdóttir situr nú sitt annað ár sem fulltrúi kennara. Sigríður Einarsdóttir situr nú sitt annað ár sem fulltrúi starfsfólks. Eftir er að kjósa annan fulltrúa nemenda en Guðmundur Daníel Erlendsson situr núna áfram sitt annað ár sem fulltrúi nemenda. Marta Kristín Sigurjónsdóttir er fulltrúi grenndarsamfélagsins (Foreldrafélags), Fulltrúar foreldra eru Heiðar Ásberg Atlason sem situr nú sitt annað ár og Linda Hilmarsdóttir sem kjörin var sl. vor.

2. Fundatími skólaráðs

Fastur fundartími skólaráðs í vetur - miðað er við annan fimmtudag í mánuði kl. 16:00

3. Þróun nemendafjöldamála

Farið yfir þróun nemendafjölda. Nemendur í byrjun skólaárs eru rétt um 920 sem er nokkuð minna en gert hafði verið ráð fyrir. Úrtakstölur úr þjóðskrá sýna að börnum í núverandi árgöngum skólans í hverfinu fækkar aðeins að meðaltali milli ára og það skýrir að ekki urðu 950 nemendur í skólanum eins og búist var við, auk þess sem ekki virðist flytja barnafólk í nýju blokkina við Vallakór. Hins vegar er eftir að selja helming íbúða í því húsi þannig að hugsanlega koma einhver börn þaðan. En allt bendir til þess að það sé kominn stöðugleiki í hverfið þannig að fjölgun næstu ára verði þá aðeins mismunur á 10. bekk og verðandi fyrsta bekk hverju sinni. Miðað við núverandi tölur ætti þá skólinn að toppa í 950 nemendum.

4. Ytra mat – bréf til skólaráðs

Kynnt bréf frá menntamálaráðuneyti þar sem staðfest var móttaka á stöðuskýrslu skólans sl. vor vegna ytra matsins sem fram fór vorið 2017. Ráðuneyti mun næst kalla eftir stöðuskýrslu í júní 2019.

5. Húsnæðismál / lóðamál

Farið yfir stöðu framkvæmda og húsnæðismála. Kennslustofunni í Vallakór seinkaði um fjóra daga en er nú komin í notkun. Framkvæmdum við bókasafnið í Baugakór er heldur ekki lokið. Eftir er að setja dúk á nýja gólfíð yfir anddyrinu, loka af skrifstofu forstöðumanns og tölvuumsjónarmanns og hluti af húsgögnum er ókomin. Þetta er hins vegar allt í vinnslu og í lok næstu viku ætti allt að vera komið nema háir sófar, vinnuborð og skápar en það síðasta af húsgögnum kemur ekki fyrr en í nóvember. Framkvæmdir við körfuboltavöll í Baugakór eru í gangi en skólastjóra er falið að ganga eftir öðrum hlutum sem ákveðnir höfðu verið varðandi lóðina þ.e. körfur við Vallakór, slönguspil o.fl. á lóðina við Baugakór. Félagsmiðstöð – engin einföld lausn í sjónmáli með að koma henni fyrir í Vallakór en málið er áfram í skoðun. Miðað við þann fjölda í árgöngum sem fyrirséður er ætti núverandi húsnæði

skólans að duga næstu þrjú skólaár en þá þarf að gera ráðstafanir er núverandi 5. bekkur fer upp í Kór.

6. Stundaskrár

Ekki er um stórvægilegar breytingar að ræða á stundaskrá milli skólaára og sami tímarammi er í notkun og áður. Á unglíngastigi fækkar vinnustundum í eina á dag og þeir tímar eru samtímis hjá öllum bekkjum hvers árgangs og stundum hjá öllum árgöngum, sem gefur aukin tækifæri til samþættingar og þemavinnu. Á yngsta stigi er tónmennt komin inn í smiðjurúllur með öðrum list- og verkgreinum.

7. Námskynningar

Umræður um markmið og form námskynninga. Spurning hvort ekki þurfi að breyta formi námskynninganna vegna breyttra aðstæðna hvað varðar upplýsingamiðlun o.s.frv. Skólastjóri bar upp þá tillögu að kynningum yrði frestað þar til í október til að færi gæfist á að ræða betur um málið og undirbúa. Væntanlega verður samt kynning hjá 1. bekk nú í september eins og stefnt var að enda nokkuð annars eðlis þar. Skólaráð samþykkir tillöguna. Stjórn Foreldrafélagsins fer í að auglýsa eftir bekkjafulltrúum.

8. Starfsáætlun 2018-2019

Plaggið er í vinnslu og drög ættu að berast fulltrúum í skólaráði til yfirlstrar innan nokkurra daga.

9. Önnur mál

- a) Skipulagsbreytingar. Þær breytingar sem farið var í sl. vor eru nú í raun að klárast með ráðningu skrifstofustjóra í september.
- b) Kynning á nýjum viðmiðum um viðbrögð við óviðundandi skólasókn. Skólastjóri kynnti viðmiðin sem unnin voru í samstarfi menntasviðs og velferðarsviðs og eru samræmd fyrir alla grunnskóla bæjarins.
- c) Fyrirspurn um ávaxtaáskrift. Skólinn taki að sér að kanna hug foreldra til þess að taka þetta upp að nýju. Ath fyrirmynd í Salaskóla.

Næsti fundur áformaður fimmtudaginn 20. september kl. 16

Ágúst ritaði fundargerð